



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

26. september 2005 - 259. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


SUNNUDAGUR

Þrjú lið með fullt hús
Handboltinn er kominn á fullt skrið og önnur umferð DHL-deildar karla fór fram í gær. Aðeins þrjú félög, KA, Fram og Valur, hafa unnið báða leiki sína.



ÍPRÓTTIR 20

Ónefndi maðurinn
Guðmundur Andri Thorsson segir orð Styrmis Gunnarssonar í bréfi til Jónínu Benediktsdóttur um „innmúraða“ og „ófrávikjanlega“ tryggð Jóns Steinars við „ónefndan mann“ segja meira en mörg orð um það andrúmsloft sem fylgdi stjórnarháttum Davíðs Oddssonar.



UMRÆÐAN 16

Himnarnir falla á Ástrík
Gallvösku kapparnir Ástrík og Steinar eru síðir dauðir úr öll og aðdáendur byrjað að telja þar sem ný líntýri þessar. Óvina Rómakemur út í næsta mánu.



Hápunktur ársins hjá djassfíklum
Kenny Garrett saxófónleikari sækir landann heim og lætur til sín taka á Jazzhátíð Reykjavíkur sem verður sett í fimmtánda sinn í vikunni.

MENNING 26

VEÐRIÐ Í DAG

RIGNING VÍÐA UM LAND en slydda eða rigning á Vestfjörðum. Úrkomulítið suðvestan til. Heldur hlýnandi veður í bili.

VEÐUR 4

Jón Steinar sendi Styrmi gögn frá Jóni Gerald án samþykkis

Jón Steinar Gunnlaugsson, lögmaður Jóns Geralds í Baugsmálinu, sendi ritstjóra Morgunblaðsins gögn í málinu. Jón Gerald segir það hafa verið án síns samþykkis. Ef svo er þá er það brot á siðareglum lögmannna.

BAUGSMÁL Jón Steinar Gunnlaugsson, þá hæstaréttarlögmaður, sendi Styrmi Gunnarssyni, ritstjóra Morgunblaðsins, afrit af fjölmörgum gögnum er vorðuðu mál skjólstæðings síns, Jóns Geralds Sullenberger, án samþykkis eða vitundar hans. Gögnin vorðuðu mál Jóns Geralds gegn Baugi og sendi Jón Steinar þau til Styrmis eftir að Jón Steinar hafði formlega tekið að sér mál Jóns Geralds.

Í siðareglum Lögmannafélags Íslands segir að lögmaður skuli aldrei án endanlegs dóms-

úrskurðar eða lagaboðs láta óviðkomandi aðilum í té gögn sem lögmaður hafi fengið um skjólstæðing sinn nema að beiðni skjólstæðingsins.

Um er að ræða tölvupósta sem innihéldu samskipti Jóns Geralds og Baugsmannanna Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og snerust um uppgjör á viðskiptum þeirra og greiðslur vegna bátsins Thee Viking.

Samkvæmt tölvupóstum sem Fréttablaðið hefur undir höndum áframsendi Jón Gerald þessa

tölvupósta til lögmanns síns hinn 20. júní 2002, um sex vikum áður en kæra hans gegn Baugi var lögð fram. Hinn 6. júlí áframsendi Jón Steinar tölvupóstana til ritstjóra Morgunblaðsins án nokkurra athugasemda af sinni hálfu.

Jón Gerald segist aðspurður ekki kannast við að hafa veitt Jóni Steinari leyfi til að senda ritstjóra Morgunblaðsins afrit af gögnum í máli sínu, né að hann hafi vitað af því að lögmaður hans sendi gögn í málinu til þriðja aðila. „Ég treysti Jóni Steinari fullkomlega fyrir því að hann

væri að vinna af heilum hug í mínu máli,“ segir Jón Gerald.

Aðspurður sagðist hann ekki ætla að leita réttar síns varðandi hugsanlegt brot Jóns Steinars á trúnaði við skjólstæðing.

Jón Steinar var spurður hvort það væru eðlileg vinnubrögð lögmannna að senda gögn frá umbjóðanda sínum til þriðja aðila án vitundar eða leyfis skjólstæðings síns. „Ég hef ekki gert neitt í lögmannsstarfi mínu fyrir Jón Gerald nema með samþykki hans eða samkvæmt hans óskum,“ sagði Jón Steinar.

- sda / sjá síðu 2 og 10



SNJÓKARLAFRAMLEIÐSLAN HAFIN Hvítt teppi hefur lagst yfir jörðu víða á Norðurlandi, meðal annars á Akureyri. Börnin klæðast snjógöllum og litríkum húfum eins og þessir þrír drengir á Akureyri sem hafa greinilega upplifað leiðinlegri tíma. Verksmiðjan er komin í gang, starfsfólkið er á aldrinum tveggja til sextán ára, framleiðslan er af ýmsum toga en hraefnið er snjó og aftur snjó. Hinir fullorðnu fylgjast með og láta sig dreyma um áhyggjuleysið sem fylgir því að búa til snjókarla ásamt vinum sínum.



LANGPRÁÐUR ÁFANGI Ungur drengur hjólar hjá veggjakroti stuðningsmanna Írska lýðveldishersins í Belfast í gær.

Fríðarferlið á N-Írlandi:

Afvopnun IRA lokið

NORÐUR-ÍRLAND. AP Vopnaeftirlitsmenn munu í dag tilkynna að þeir hafi fylgt eftir afvopnun Írska lýðveldishersins. Að afvopnun hinna samtakanna, sem hafa verið burðarásinn í vopnaðri baráttu norðurírskra lýðveldissinna gegn breskum yfirráðum á Norður-Írlandi, sé sannreynnd er mikill áfangi í fríðarferlinu sem hófst fyrir tólf árum.

Aðstoðarmaður John de Chastelain, fyrrverandi hershöfðingja frá Kanada sem haft hefur yfirumsjón með eftirlitinu með eyðingu vopnabúrs IRA, sagði að hann myndi halda blaðamannafund um málið í dag, mánudag. ■

Pólverjar búsettir á Íslandi nýta kosningarétt sinn:

Pólskar kosningar í Alþjóðahúsi

KOSNINGAR Pólverjar búsettir á Íslandi höfðu kost á að kjósa í utankjörstaðakosningu í Alþjóðahúsinu vegna pólsku þingkosninganna. Af þeim rúmlega tvö þúsund Pólverjum sem búsettir eru hérlandis höfðu 53 skráð sig á kjörskrá. Kjörsóknin var góð, rúmlega 81 prósent.

„Það voru ekki margir á kjörskrá núna,“ segir Katrín Guðmundsson, fulltrúi kjörstjórnar. Hún telur ástæðu þess að ekki fleiri skráðu sig meðal annars vera að ekki hafi verið nægilega kynnt fyrir fólki hvernig ætti að bera sig að við skráninguna. „Við ætlum að laga



ALÞJÓÐAHÚSIÐ Í GÆR Elzbieta Orłowska greiðir atkvæði í pólsku kosningunum. Anna Wojtyńska, Anna Rabas og Patrycja Marek Kaolzikowski, fulltrúar kjörstjórnar, fylgjast með.

þetta fyrir pólsku forsetakosningar sem verða í byrjun október.“

Kosningarnar í Alþjóðahúsinu gengu vel fyrir sig og margir Pólverjar litu við þrátt fyrir að vera ekki á kjörskrá. Katrín segir mikilvægt fyrir Pólverja að kjósa þó þeir séu ekki búsettir í Póllandi. „Það er borgaraleg skylda okkar,“ segir Katrín, „við eigum rétt á að sýna samstöðu við Pólverja í Póllandi og taka þátt í að móta daglega lífið þar.“ Katrín segir marga Pólverja snúa aftur til Póllands eftir nokkur ár og því mikilvægt fyrir þá að geta haft áhrif heima fyrir.

- jóa / sjá síðu 4

Heva
don't play this

Nýja platan er komin í verslanir Skífunnar

S.K.I.F.A.N

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Þriðjudagar
Immingham / England

591 3000



SPURNING DAGSINS

Mátti Jón Steinar senda málsögn Jóns Geralds til Styrmsis?

„Nei. Það er trúnaðarbot sem í sjálfu sér getur leitt til skaðabótaskyldu og jafnvel verið brot á hegningarlögum.“

Jón Magnússon hæstaréttarlögmaður útskýrir 17. grein síðareglna Lögmannafélags Íslands.

Viðvörðun vegna veðurs: Veðurstofan spáir stormi

STORMUR Veðurstofa Íslands spáir í dag stormi á norðvestanverðu landinu, á suðausturströndinni og á hálendinu. Reiknað er með að vindhraðinn geti farið allt upp í 23 metra á sekúndu.

Helga Ívarsdóttir veðurfræðingur segir þetta vera víðáttumikla lægð, 962 millibör, sem muni hafa áhrif næstu daga og henni muni fylgja mikil úrkoma og slydda síðdegis í dag. Úrkominnst verður á Vesturlandi en mest á Suðausturlandi og austanlands. Hiti verður 0 til 6 stig, hlýjast sunnanlands.

- js



MORGUNBLAÐSHÚSIÐ Blaðamenn munu funda með Styrmi.

Morgunblaðið:

Ritstjórinn útskýrir mál sitt

BAUGSMÁL „Við hittumst hér á mánudagsmorgni og förum yfir stöðuna. Ég veit að Styrmir Gunnarsson ritstjóri mun halda þessarsmannafund og fara yfir málið eins og það blasir við honum,“ segir Björn Vignir Sigurpálsson, fréttaritstjóri Morgunblaðsins.

Starfsmenn Morgunblaðsins ætla að fjalla um þær upplýsingar sem fram hafa komið um virkan þátt Styrmsis í aðdraganda þess að Jón Gerald Sullenberger lagði fram kæru í Baugsmálinu og hugsanlegar afleiðingar þess fyrir Morgunblaðið.

- jh

Tiltekt eftir fellibylinn Ritu komin í fullan gang:

Milljónir brottflúinna streyma heim

BANDARÍKIN, AP Ríkisstjórnar Texas og Louisiana flugu í gær hvor fyrir sig yfir svæðin sem verst urðu úti af völdum fellibylsins Ritu um helgina. Björgunarsveitarmenn í Suður-Louisiana leituðu hundruða íbúa á svæðinu sem talið var líklegt að væru innlyksa í kaffærum húsum. Allt að þrjár milljónir manna, sem flúið höfðu innar í land undan aðsteðjandi fellibylinum, streymdu til síns heima í gær.

Eyðileggjarmáttur Ritu var langtum minni en fellibylsins Katrínar sem gekk yfir sömu slóðir þremur vikum fyrr. Tjónið af völdum Ritu er þó umtalsvert. Tjónið á mannvirkjum á Houston-svæðinu

einu nemur tugum milljóna dala að mati sérfróðra. Verst urðu þó litlir hafnarbærir úti.

George W. Bush Bandaríkjaforseti hélt aftur til Washington í gær eftir að hafa fylgst með framvinduinni í heimaríki sínu Texas. Hann hét því við það tækifæri að grípa til ráðstafana til að óskir stjórnenda í hernum gengju eftir um að viðbrögð stjórnvalda við náttúruhamförum yrðu betur samræmd og stjórn björgunaraðgerða færð á hendur hersins.

ALLT Á FLOTI Kúrekar reyna að reka kúr upp úr flóðvatni í Chauvin í Louisiana. Mesta tjónið af völdum Ritu varð í strandbæjum og sveitum næst ströndinni.



MANN/GETTY

Jón Gerald hafnaði viðtali við Moggann

Jónína Benediktsdóttir mæltist til þess að Morgunblaðið birti viðtal við Jón Gerald Sullenberger. Hann segist hafa hafnað viðtalinu. Viðskipti Jóns Geralds og Baugs voru enn í gangi þegar undirbúningur málsóknar var í fullum gangi.

BAUGSMÁL Jón Gerald Sullenberger var enn í viðskiptum við Baug þegar afskipti Styrmsis Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, og Jóns Steinars Gunnlaugssonar, þá hæstaréttarlögmanns, af Baugsmálinu hófust.

Tölvupóstur sem Fréttablaðið hefur undir höndum sýna að Jónína Benediktsdóttir og Styrmir voru í maí 2002 farin að ráðleggja Jóni Gerald að þiggja aðstoð Jóns Steinars. Samkvæmt þeim átti fyrsta samtál Jóns Steinars og Jóns Geralds sér stað 28. maí. Aðspurður segist Jón Gerald hafa enn verið í viðskiptum við Baug í maí og þeim hafi ekki lokið fyrr en í júní. „Ég var enn að selja þeim vörur í maí. Það slitnaði upp úr samstarfi okkar í júní,“ segir Jón Gerald.

Jón Gerald segir að einu samskipti sín við Jónínu hafi verið þau að hann hafi verið að leita sér að lögmanni. „Ég hafði ekki hugmynd um það að hún væri að tala við Styrmi,“ segir Jón Gerald. „Einu samskipti mín við Styrmi voru þau að hann vildi skrifa grein í Morgunblaðið, en ég vildi það ekki,“ segir Jón Gerald.

Í tölvupósti sem Jónína sendi Styrmi 31. júlí segir meðal annars: „Þú þarft að taka viðtal við Jón Gerald í Moggann og fá hann til þess að tala. Ekki gera það fyrr en ég hef fengið greidda íbúðina mína. Please, það verður í næstu viku... held ég. Jón lýsir best ástandinu á þessum mönnum, hvernig þeir

kassa inn fyrir sig sjálfa og er sama um alla aðra. Nú verður ný verðkönnun að sýna að Europris er lægra Styrmir minn.“

Þessu svaraði Styrmir: „Með Jón Gerald: talaði við hann í gærkvöldi og kvaðst vilja hitta hann, þegar hann kemur.“

Styrmir sagði í samtali við Fréttablaðið fyrir helgi að hann hefði haft gögn um málið undir höndum en ekki talið þau eiga erindi á síður Morgunblaðsins. Hann hefði verið beittur miklum þrýstingi um að fjalla um málið, bæði frá Jóni Gerald og Jónínu, en ákveðið að gera það ekki.

Jón Gerald segir við Fréttablaðið að Styrmir hafi sóst eftir því að birta við hann viðtal í Morgunblaðinu. „Ég vildi ekki að hann birti grein um mig. Ég vildi bara að þessi gögn kæmst í fjölmiðla. Styrmir vildi að Morgunblaðið tæki við mig viðtal, en ég vildi það ekki,“ segir Jón Gerald.

- sda



ÞJÓÐMINJASAFNIÐ Safnið hefur verið viðurkennt sem eitt af bestu söfnum Evrópu.

Evrópsku safnaverðlaunin:

Þjóðminjasafnið tilnefnt

MENNING Þjóðminjasafn Íslands hefur verið tilnefnt til Evrópsku safnaverðlaunanna árið 2006. Sextíu söfn víðs vegar um Evrópu eru tilnefnd og er Þjóðminjasafnið komið áfram í matsferli Evrópska safnaráðsins. Tilkynnt verður í febrúar hvaða söfn komast í úrslit. Matsnefndin heimsótti safnið um helgina og gerði á því úttekt. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður segir það mikinn heiður að safnið skuli viðurkennt sem eitt af bestu söfnum Evrópu.

- jóa

Sigurður G. Guðjónsson:

Jónína talaði aldrei við mig

BAUGSMÁL „Ég rak ekki einu sinni lögmannsstofu á þessum tíma. Jónína Benediktsdóttir talaði aldrei við mig,“ segir Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður, einn eigna Blaðsins. Aðspurður hvort hann hafi einhverntímann séð gögn sem tengdust málinu segir Sigurður segir að á umræddum tíma

hafi hann verið önnur kafinn við að reka Stöð 2. „Stöð 2 var undir skattranssókn og ég hafði alveg nóg á minni könnu,“ segir Sigurður.

- saj

Örri fólksfækkun spáð í Rússlandi:

Fleiri fóstrum eytt en börn fæðast

RÚSSLAND Fólki fækkar ört í Rússlandi á næstu árum og áratugum vegna snaraukinnar dánartíðni og stórlækkaðrar fæðingartíðni.

Lundúnablaðið The Times greindi frá því um helgina að nú væru framkvæmdar fleiri fóstrueyðingar í Rússlandi en börn fæðast í landinu. Á síðasta ári kváðu 1,6 milljónir fóstrueyðinga að hafa verið tilkynntar þar, en barnsfæðingar voru um 1,5 milljónir. Jafnframt hafa meðallífslíkur rússneskra karlanna lækkað niður í 58,8 ár, sem er 20 árum undir lífslíkum íslenskra karla.

Á síðasta ári fækkaði íbúum Rússlands um nærri hálf milljón og svo gæti farið, ef áfram heldur sem horfir, að Rússum fækkaði úr 143 milljónum nú í 77 milljónir árið 2050. Þar með yrðu vinnufært fólk of fátt til að halda efna-hagslífi landsins gangandi.



ALDRADIR RÚSSAR Lífslíkur rússneskra karla eru nú tuttugu árum styttri en íslenskra.

Vladimír Kulakov, varaforseti læknávisindaakademíu Rússlands og ráðgjafi forsetans Vladimírs Pútíns, segir þjóðina í miklum vanda. Um tíu milljónir Rússa á barneignaraldri væru ófærir um að verða foreldrar

vegna hrossalækninga-fóstrueyðinga, geislavirkni og alkóhólisma. Hin snarhækkaða dánartíðni er rakin til hruns í heilbrigðiskerfinu, áfengissýki og ofbeldisglæpa.

- aa

Alltaf einfalt



Ódýrt bensín

15 stöðvar!

www.ob.is

VISA BIKARINN 2005



Til hamingju með VISA-bikarinn!

Valsmenn, sigurvegarar í VISA-bikarkeppni karla 2005

VISA styður íslenska boltann



GENGIÐ
GENGI GJALDMÍÐLA 23.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,61	61,91
Sterlingspund GBP	110,03	110,57
Evra EUR	74,66	75,08
Dönsk króna DKK	10,004	10,062
Norsk króna NOK	9,582	9,638
Sænsk króna SEK	7,97	8,016
Japanskt jen JPY	0,5524	0,5556
SDR	XDR	89,74 90,28

Gengivísitala krónunnar
104,9294

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjárfestingarfélag Hannesar Smárasonar kaupir í auglýsingastofu:

Prímus kaupir helmingshlut í Fítón

VIÐSKIPTI Fjárfestingarfélagið Prímus í eigu Hannesar Smárasonar hefur keypt helmingshlut í Grafít sem á auglýsingaskrifstofuna Fítón, Máttinn og Dýrdína auglýsingastofu og Auglýsingamiðlun. Með þessum kaupum hefur Prímus eignast helmingshlut í Fítón. Þormóður Jónsson, einn af eigendum Fítóns, segist ekki geta gefið upplýsingar um söluverð að svo stöðu. Upphaflegir eigendur Fítóns skipta jafnt með sér helmingshlut á Prímus.

til að bjarga fjárhagsstöðu fyrirtækisins heldur til að styrkja stöðu þess," segir Þormóður, sem er bjartsýnn á framhaldið. Hann segir það kost að hafa svo stóran fjárfesti í auglýsingabransanum. Þormóður segir enn fremur að engar breytingar séu fyrirhugaðar á rekstri stofunnar í kjölfarið á sölunni. Hann segir fyrirtækið dafna vel og áfram verði haldið á sömu braut.



HANNES SMÁRASON
Prímus fjárfestir í auglýsingastofu.

Þormóður segir söluina ekki vera vegna rekstrerfiðleika fyrirtækisins. „Kaupin eru ekki



FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN Dagur B. Eggertsson notaði 25 tonna beltgröfu við skóflustungu að nýrri bensinstöð.

Skóflustunga að bensinstöð:
Sjötta stöð Atlantsolíu

BENSINSTÖÐ Skóflustunga var tekin að nýrri bensinstöð Atlantsolíu í gær. Þetta verður sjötta bensinstöð Atlantsolíu og er áætlað að hún verði opnuð innan þriggja mánaða. Stöðin verður með svipuðu og þær fyrri. Hugi Hreiðarsson, markaðsstjóri Atlantsolíu, segir þetta vera hluta af auknu samkeppnisafli sem fyrirtækið vilji veita neytendum og að forsvarsmenn Atlantsolíu sækji í að styrkja sig enn frekar á samkeppnismarkaði.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi og formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, tók fyrstu skóflustunguna að nýju stöðinni, sem meðal annars er ætlað að þjóna íbúum Grafarvogs, Grafarholts og Mosfellsbæjar. Stöðin mun rísa að Bíldshöfða á lóð Húsgagnahallarinnar.

SJÁLFTÆÐISFLOKKUR

BENEDIKT VILL 7. SÆTIÐ Benedikt Geirsson hefur ákveðið að gefa kost á sér í sjöunda sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Benedikt starfar hjá Ístaki en starfaði um langt bil hjá SPRON. Benedikt hyggst leggja áherslu á íþrótt- og tómstundamál auk velferðarmála.

Hægriflokkar fá öruggan meirihluta

Tveir hægriflokkar voru afgerandi sigurvegarar þingkosninga sem fram fóru í Póllandi í gær. Samkvæmt fyrstu tölum í gær höfðu þeir fengið rúmt 51 prósent atkvæða. Fráfarandi stjórnarflokkur vinstrianna beið afhröð.

PÓLLAND. AP Fyrstu tölur í þingkosningunum sem fram fóru í Póllandi í gær bentu til að spár gengju eftir um afgerandi sigur tveggja hægriflokka, sem hafa boðað stjórnarsamstarf. Vinstriflokkarnir, sem sigruðu stórt í síðustu þingkosningum fyrir fjórum árum, biðu afhröð.

Samkvæmt útgönguspá pólska ríkissjónvarpsins fékk íhaldsflokkurinn Lög og réttlæti 27,6 prósent atkvæða en flokkur frjálslyggjumanna, Borgaravettvangur, fékk 24,1 prósent. Fylgi Lýðræðislega vinstribandalagsins, arftaka pólska kommúnistaflokksins sem fékk um 41 prósent atkvæða í kosningunum fyrir fjórum árum, hrapaði niður í rúm ellefu prósent nú, samkvæmt útgönguspánni. Kjörsoðn var lítil eins og reynar í flestum kosningum sem fram hafa farið í Póllandi frá því kommúnisminn féll.

Úrslitin sýna afgerandi vilja pólskra kjósenda til stjórnskipta. Báðir hægriflokkarnir eiga rætur í Samstöðu, verkalyðshreyfingunni sem gegndi burðarhlutverki í að steypa kommúnistastjórninni á níunda áratugnum.

En líkt og þýskir kjósendur gerðu í þingkosningunum þar í landi fyrir viku heytust pólskir kjósendur á því að veita þeim sem lengst vildu ganga í efna-hagsumbótum umboð til að hrinda þeim í framkvæmd, með því að veita íhaldsflokknum forskot á frjálslyggjuflokkinn, en í skoðanakönnunum höfðu hlutföllin verið alveg á hinn veginn.



SIGRI FAGNAÐ Kátt var á kosningavöku íhaldsflokksins Lög og réttlæti í Varsjá í gærkvöld.

Laga- og regluflokkurinn leggur meiri áherslu á að standa vörð um velferðarkerfið, þrátt fyrir að boða efna-hagsumbætur með minni ríkisafskiptum, en í landi þar sem atvinnuleysi er samkvæmt opinberum tölum tæp átján prósent eru margir áhyggjufullir yfir því hvernig sparnaðaraðgerðir í ríkisrekstrinum muni snerta þá sjálfa.

Samkvæmt útgönguspánum var gert ráð fyrir að hægriflokkarnir fengu 303 af 460 þingsætum. Það er öruggur meirihluti, en fjórum þingsætum undir þeim tveimur þriðju þingsæta sem þeir

þyrftu að ráða yfir til að geta komið stjórnskrárbreytingum í gegn.

Miðað við að þessi úrslit gengju eftir var líklegast að leiðtogi Laga og réttlætis, Jaroslav Kaczynski, yrði forsætisráðherra. En hann hefur sagt að hann myndi ekki gefa kost á sér í embættið ef svo skyldi fara að einnig tvíburabróðir hans, Lech Kaczynski, yrði kjörinn forseti Lýðveldisins. Forsetakosningar fara fram í október og Kaczynski er sá framþjóandi sem mestis fylgis nýtur samkvæmt skoðanakönnunum.

audunn@frettabladid.is

Aron Pálmi Ágústsson: Í neyðarskýli í Dallas

ÓVEÐUR Aron Pálmi Ágústsson er nú staddur í neyðarskýli í Dallas en hann var færður þangað vegna fellibylsins Ritu.

„Mér líður ágætlega en ástandið er ekki svo gott. Það eru þúsundir manns hér í einu skýli og þetta er mjög erfitt," sagði Aron niðurdreginn.



ARON PÁLMI
Hann hefur ekki fengið að hitta fjölskyldu sína.

„Ég hef ekki enn fengið færi á að hitta fjölskyldu mína og fæ það ekki í brád því þau þyrftu að fara aftur til Houston. Þau senda mér hins vegar peninga og ég er þeim afar þakklátur." Aron segir veðrinu hafa slotað en að skemmdirnar séu jafnframt gifurlegar. „Ég veit ekki hvenær ég kemst heim og hef enga hugmynd hvort heimili mitt sé óskaddað," segir Aron, sem að eigin sögn lætur sig dreyma um að komast bráðum til Íslands.

- bog

Viðskiptaháskólinn á Bifröst:

Nýtt rannsóknarsetur

HÁSKÓLI Fyrsti fundur stjórnar Rannsóknarseturs vinnuréttar og jafnréttismála var haldinn á laugardag. Setrið starfar á grundvelli samstarfssamnings á milli félagsmálaráðherra og Viðskiptaháskólans og er ætlað að vera miðstöð fræðilegra rannsókna hér á landi á sviði vinnuréttar og jafnréttislöggjafar. Þá mun rannsóknarsetrið efla tengsl rannsókna og kennslu í vinnurétti og veita nemendum við Viðskiptaháskólann faglegan stuðning við eigin rannsóknir.

Forstöðumaður er Elín Blöndal, dósent við skólann.

- jóa

Nazran
FATNAÐUR

Full búð af Nazran mótorhjólafatnaði á ótrúlega hagstæðu verði.

Yamaha-búðin, Nýbýlavegi 2, 200 Kópavogi, s. 570 5300.
Xtra, Njarðarbraut 19, 260 Reykjanesbæ, s. 421 1888.
Toyota, Baldursnesi 1, 603 Akureyri, s. 460 4300.

www.yamaha.is

YAMAHA
Touching Your Heart

VEÐURSPÁ

um hádegi >>

» á morgun

» miðvikudagur

Stað	19°C	16°C	21°C	17°C	19°C	22°C	24°C	21°C	25°C	22°C	26°C	22°C	26°C	26°C	33°C
Kaupmannahöfn	léttskýjað	alskýjað	hálfskýjað	hálfskýjað	léttskýjað	léttskýjað	hálfskýjað	hálfskýjað	skýjað	hálfskýjað	hálfskýjað	hálfskýjað	léttskýjað	léttskýjað	léttskýjað
Ósló															
Stokkhólmur															
Helsinki															
London															
París															
Berlín															
Frankfurt															
Madrid															
Barcelona															
Alicante															
Milano															
New York															
San Francisco															
Orlando/Florida															

* Sveði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

МЫ ВИДИМ ЕГО ОТСЮДА!

Í lauslegri þýðingu:

Við sjáum greinilega hin nýju og endurbættu gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar. Þetta er stórkostlegt mannvirki.

Reykvíkingar
og aðrir jarðarbúar,
TIL HAMINGJU!



Landsbankinn SP-FJÁRMÖGNUN



FJÖLHÖNNUN ehf
Verkfræðistofa



BM-VALLA



VÖRÐUR
ISLANDSTAVGGING



DRECC



Ísraelski herinn undirbýr árárás á Gaza-ströndina eftir sprengjuárás á Ísrael:

Handtóku 200 Palestínnumenn

GAZA, AP Ísraelar handtóku í gærmorgun yfir 200 eftirlýsta Palestínnumenn á Vesturbakkanum. Flestir voru þeir meðlimir Hamas-samtakanna og Samtaka heilags stríðs. Á meðan þessu stóð settu ísraelskir hermenn upp vopn á landamærunum og skutu tilraunaskotum á auð svæði. Þegar þeirri aðgerð lauk dónsuðu hermennirnir í hring og sungu hefndarsöngva úr bíblíunni.

Aðgerðirnar eru liður í undirbúningi fyrir hugsanlega árárás á Gaza-ströndina eftir að palestínkir óeirðaseggir skutu sprengjum yfir landamærin til Ísrael. „Við munum beita öllum ráðum gegn hryðjuverkamönnum,“ segir Ariel

Sharon, forsætisráðherra Ísraels, en ólgan á Vesturbakkanum getur hæglega eyðilagt fyrir honum í mikilvægri kosningu innan Líkúdbandalagsins.

Óeirðirnar eru hinar fyrstu í tvær vikur síðan Ísraelsmenn drógu herlið sitt frá Gaza-ströndinni eftir 38 ára hersetu. „Við erum aftur á byrjunarreit og þurfum tíma til þess að koma öllu í ró aftur,“ sagði Mahmoud Abbas í gær.

Ef Sharon geldur afhroð í kosningu hjá Líkúdbandalaginu gæti það orðið til þess að harðlínnumenn Benjamin Netanyahu næðu aftur taumhaldinu í ísraelskum stjórnalögum.



FRÁ GAZA Palestínnumenn safnast í kringum flak af bíl eftir tilraunasprengjur Ísraelsmanna í gær.



KJÖRKASSINN

Var edlilegt að ýta rannsókn á hópnaudgun til hliðar vegna rannsóknar á líkamársár?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	10,1%
Nei	89,9%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er veturinn kominn?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



www.lyfja.is



C-500

TIL AÐ VIÐHALDA GÓÐRI HEILSU. FYRIR TENNUR, TAUGAR, BEIN- OG BANDVEF.

C-vítamín hefur mikilvægu hlutverk að gegna við myndun bandvefs, er stór þáttur í vexti og heilbrigði æða, beina, goms og tanna ásamt því að auka frásog jáms. C-vítamín stuðlar að því að sár gróa og eykur viðnám líkamans gegn syklingum. Líkaminn þarfnast aukins C-vítamins þegar hann er undir andlegu eða líkamlegu álagi. C-vítamín er sundurvan (andoxunarefni) sem ver frumur líkamans gegn skaðlegum áhrifum stakeinda, en það eru úrfellingarefni sem verða til við efnaskipti í líkamnum.

Garðatorgi - Grindavík - Keflavík - Krínglunni - Lágmíla - Laugavegi - Setbergi - Smáralind - Smáratorgi - Spönginni - Egilsstöðum - Höfn - Fáskrúðfirði - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Patreksfirði - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Húsavík - Kópaskeri - Rauðarfirði - Þórshöfn - Sauðárkrúki - Blönduósi - Hvammsganga - Skagaströnd - Selfossi - Laugarási

Kennarar óánægðir með vinnuveitanda

Fjórðungur starfsmanna grunnskóla og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur er óánægður með vinnuveitanda sinn. Kennarar eru óánægðari en aðrir starfsmenn. Óánægja hefur aukist frá 2002.

MENNTAMÁL Í vinnustaðgreiningu á grunnskólum og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur kemur fram að 26 prósent svarenda sögðust ekki ánægð með Reykjavíkurborg sem vinnuveitanda og eru starfsmenn grunnskóla borgarinnar því óánægðari með vinnuveitanda sinn en starfsmenn annarra fyrirtækja. Óánægjan hefur aukist frá 2002 og eru kennarar óánægðari en aðrir starfsmenn skólans. Þá kemur einnig fram að starfsfólk grunnskóla og Fræðslumiðstöðvar er ánægðara með ýmislegt sem snýr að vinnuumhverfi og vinnuanda en starfsmenn samantöluar fyrirtækja.

Heildarniðurstaðan fyrir grunnskólana er heldur betri en hjá öðrum fyrirtækjum að jafnaði. Einnig er heildarniðurstaðan nokkuð betri en í samskonar greiningu sem framkvæmd var árið 2002. Gerður Óskarsdóttir, sviðstjóri menntasviðs Reykjavíkurborgar, segist vera ánægð með niðurstöður greiningarinnar, en að sjálfsgöðu komi fram þættir sem þyrfti að vinna betur í.

Sú fullyrðing sem best kemur út að þessu sinni er hvort starfsmenn grunnskóla og fræðslumiðstöðvar telja sig leggja mikið á sig til að þjóna nemendum og for-



ÁNÆGJA MEÐ STARFSANDA Starfsmenn grunnskóla og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur eru almennt ánægðari með starfsanda en starfsmenn annarra fyrirtækja. Þeir eru þó almennt óánægðari með vinnuveitanda sinn.

eldrum þeirra sem best. Sú fullyrðing sem fær lægstu einkunnina er hvort laun eru sanngjörn miðað við ábyrgð í starfi.

Þá er áberandi í greiningunni að starfsmenn í borgarhluta 1, þar sem finna má Grandaskóla, Hagaskóla, Melaskóla og Vesturbæjar-skóla, hafa neikvæðasta matið á

því hversu vel starfsmönnum finnst að vinnustaðnum sé stjórnað, markmiðin eru sögð óskýrust, þar telja starfsmenn vera mesta ágreininginn milli starfsmanna og starfsandans er lakastur.

Af 107 spurningum og fullyrðingum í könnuninni var 22,1 prósent svara greint í styrkleikabil sem er jákvætt fyrir starfsemi skólanna, 41,6 prósent svara voru greind í starfshæft bil sem hvorki er talið hvetja né letja starfsfólk við dagleg störf. 36,4 prósent svara voru greind í aðgerðabil, sem er neikvætt fyrir starfsemi skólanna. Þátttakendur voru starfsmenn fræðslumiðstöðva, grunnskóla og sérskóla Reykjavíkur. Gallup gerði vinnustaðgreininguna í apríl og maí á þessu ári.

svanborg@frettabladid.is

Fimm hæstu einkunnirnar

- Ég legg mikið á mig til að þjóna nemendum og foreldrum þeirra sem best.
- Næsti yfirmaður minn sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu eða einkamálum.
- Ég ber mikla virðingu fyrir samstarfsfólki mínu.
- Hversu góðan eða slæman aðgang hefur þú að tölvu á þínum vinnustað/skóla?
- Ég er stolt(ur) af starfi mínu.

Fimm lægstu einkunnirnar

- Mér finnst þau laun sem ég fæ sanngjörn miðað við ábyrgð mína í starfi
- Hversu mikið eða lítið er vinnuálag þitt?
- Hefur þig oft eða sjaldan skort tíma til að sinna því sem mestu máli skiptir í þínu starfi?
- Hversu mikinn eða lítinn sveigjanleika finnst þér þú hafa í starfi þínu með vinnutíma þinn?
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera þreytt(ur) sl. þrjá mánuði þegar þú hefur farið á fætur að morgni og staðið andspænis nýjum vinnudegi?

Látlaus átök Íraka og bandarískra hermanna:

Skotbardagi við herskóa sjía í Sadr

ÍRAK, AP Byssumenn hollir herskóa sjáklernum Muqtada al-Sadr veittu íröskum hermönnum á eftirlitsferð fyrirsát í austurhluta Bagdad í gærmorgun. Bandarískir hermenn komu til liðs við þá írösku í skotbardaga sem stóð í einn og hálfan tíma. Um átta árárarmannanna voru felldir.

Þetta var í fyrsta sinn í nærri heilt ár sem kom til svo alvarlegra átaka í þessum borgarhluta, sem nefndur er Sadr-borg, en flestir íbúarnir þar eru fátækir sjáamúslimar.

Annars staðar í Bagdad var brynvörðum peningaflutningabíl rænt með um 850.000 Bandaríkjadali innanborðs. Ræningjarnir drápu verðina. Þá var gerð sjálf-



morðsbílsprengjuárás á bílalest sérsveitar íraska innanríkisráðuneytisins. Sjö liðsmenn hennar féllu og tveir vegfarendur.

Spenna var viðvarandi á her-námssvæði Breta í Basra í Suður-Írak vegna handtökuskipunar öryggismálayfirvalda þar á hendur tveimur breskum hermönnum, sem talsmenn breska hersins segja að séu bornir röngum sökum.

- aa

STYÐJA AL-SADR Kona úr hópi fylgismanna herskóa sjáklersins Muqtada al-Sadr heldur á mynd af honum á mótmælafundi við mörk Græna svæðisins í Bagdad í gær.

INNFLUTNINGUR MEÐ DHL

EITT FYRIRTÆKI

EINN GJALDMÍÐILL

EINN REIKNINGUR

EINU ÁHYGGJUEFNINU FÆRRA

Kannaðu málið á dhl.is eða í síma 535 1100.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Nýlegir bílaleigubílar á dúndur- verði!

Bílaþing býður nokkra nýlega bílaleigubíla á kostakjörum, gæðabíla sem hafa verið í umsjón fagmanna frá fyrstu tíð. Bílarnir eru árgerð 2004 og allir í ábyrgð.

Tryggðu þér gæðabíl hjá Bílaþingi Kletthálsi 11.

Dæmi

Skoda Octavia 1.160.000 kr.
17.420 kr. á mánuði*
og 116.000 kr. útborgun

VW Polo 920.000 kr.
13.890 kr. á mánuði*
og 92.000 kr. útborgun

MMC Lancer 1.350.000 kr.
20.290 kr. á mánuði*
og 135.000 kr. útborgun

*m.v. bílasamning SP til 72 mánaða

SP
SP-FJÁRMÖGNUN

Opið mánudaga til föstudaga 10-18 • Laugardaga 12-16

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notudum bílum



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hver er skatransóknarstjóri?
- 2 Hverjir urðu bikarmeistarar í knattspyrnu karla?
- 3 Hver er áætluð heildaruppskera af korni á Íslandi í ár?

SVÖRIN ERU Á BLS. 34

LÖGREGLUFRETTIR

ÍKVEIKJA Í GRAFARHOLTI Tilkynnt var um klukkan eitt í gær um eld á svæði í Grafarholti þar sem bensínstöð er í byggingu. Kveikt hafði verið í rusli og eldurinn komist í rotþrær og skiljur úr plasti. Mikill svartur reykur gaus upp. Aðkomufólk hélt eldinum niðri með handslökkvitækjum þar til slökkviliðið kom á svæðið og tókst vel að ráða niðurlögum eldsins.

REYK LAGDI FRÁ BÁT Aðfaranótt sunnudags fékk lögreglan í Keflavík tilkynningu um mikinn reyk sem lagði frá bátum Sigurvin þar sem hann var í höfn í Grindavík. Ofhitnað hafði í kabysu í lúkar bátsins og lagði töluvert mikinn reyk frá henni.

HRADAKSTUR Á EGILSSTÖÐUM Tvær stúlkur á tívugsaldri voru teknar fyrir hraðakstur í gær á Egilsstöðum. Báðar óku þær á um þrjátíu kílómetra hraða yfir hámarki.

Éljangur þegar smalað var um helgina í Víðidal í Húnaþingi vestra:

Ekki svona hvítt í fjöllum í áratugi

RÉTTIR Snjórinna þykir koma heldur snemma í ár en vetrarfærð er víða á norðanverðu landinu og flestir öku-menn enn á sumardekkjunum. Slæmt veðurfar hefur eflaust einnig haft áhrif á smölun og réttir á mörgum stöðum. Sigtryggur Sigvaldason í Víðidal í Húnaþingi vestra segir að honum hafi gengið illa að finna fé sitt um helgina.

„Það er orðið alveg hvítt hérna og við náðum ekki öllu fé í fyrradag en þá var skyldusmalamennska. Þetta er alveg einsdæmi og hefur ekki verið svona í marga áratugi, held ég. Ekki hefur það gerst áður í minni tíð að snjóað hafi svona snemma en ég er svo sem ekki

nema fertugur. Við þurfum að fara aftur því við náðum ekki nema hluta af fénu en margt var til fjalla og náðist ekki heim,“ segir Sigtryggur og bætir því við að ekki eigi veðrið að lagast fyrir en í fyrsta lagi um miðja næstu viku. „Það er éljangur hérna og afar vont veður. Þetta er ekki jákvætt því það eru stóðréttir hjá okkur um næstu helgi og hrossin eru ennþá á heidum.“

- bog

SAUÐFÉ Bændum getur reynst erfið að finna sauðfé sitt núna þegar veturinn er kominn öllum að övörum. Veður er víða afar slæmt og gerir mönnum erfiðara fyrir.



Varaforseti Bandaríkjanna:

Æðagúlpar fjarlægðir

BANDARÍKIN, AP Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna,

haltraði út af sjúkrahúsi í Washington í gær, daginn eftir að hafa gengist undir skurðaðgerð þar sem æðagúlpar voru fjarlægðir úr hans.

Í embættistíð sinni hefur Cheney einnig gengist undir hjartaaðgerð. Að sögn talsmanns Cheneys, Steve Schmidt, er líðan varaforsetans góð en hann hyggst vinna heima fyrst um sinn eftir aðgerðina. ■



ÚR AÐGERÐ Dick Cheney gengur út í bíl frá sjúkrahúsinu í gær.

Bjórbruggun úr íslensku bygggi í þróun

Íslenskir aðilar eru nú í kjölfar aukinnar kornræktar og betri þekkingar á verkun þess farnir að prófa sig áfram með bruggun úr íslensku bygggi. Vegna háts flutningskostnaðar gæti íslenskt bygg leyst innflutt af hólmi í framtíðinni.

LANDBÚNAÐUR Þó kornrækt hafi verið að byggjast upp jafnt og þétt hér á landi er það nýtilkomið að bændur séu í miklum mæli að þurrka kornið frekar en að súrsa það. Þurrkun kornsins er skilyrði þess að hægt sé að nota það til manndis en fram að þessu hefur það nánast einvörðungu verið notað sem skepnufóður.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hefur nýlega hafið framleiðslu á bjór sem bruggaður er úr íslensku bygggi frá nokkrum bændum í Leirársveit í Borgarfirði. „Við byrjuðum með Egils Þorabjór í janúar í ár og fengum mjög góðar viðtökur við honum,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar. Þorabjórinn var alfarið bruggaður úr góðu íslensku bygggi. Eftir það var sett af stað ný tegund, Egils Premium, sem kom á markað í vor. Andri segir þetta enn vera þróunarverkefni og að menn séu að prófa sig áfram. „Eiginleikar kornsins hér á landi eru aðrir þar sem veðurfarið er öðruvísi hér.“ Ölgerðin flytur því enn inn mestallt það bygg sem hún þarf til bjórframleiðslunnar og því verður ekki hætt í bráð. „En þetta er kostnaðarlega raunhæft í framtíðinni,“ segir Andri um það að íslenskt korn leysi hið innflutta af hólmi.

Að sögn Andra er enn fremur aldrei að vita nema í framtíðinni opnast möguleikar á að nota íslenskt bygg í vodka- og viskíframleiðslu.

Í Skagafirði hafa nokkrir einstaklingar tekið sig saman um að hefja á næst misserum bruggun í



ÍSLENSKT HRÆFNI Í ÍSLENSKAN BJÓR Egils Premium bjór unninn úr íslensku bygggi.

litlum stíl. „Hugmyndin er sú að opna lítið brugghús,“ segir Vilhjálmur Baldursson rekstrarhagfræðingur, sem er stjórnarformaður undirbúningsfélags um bruggunina. Fyrst um sinn verður byggjið flutt inn. „En menn sjá fyrir sér að í framtíðinni verði notað íslenskt korn.“ Upphaf verkefnisins má rekja til þess að skagfirskir bændur fóru að

þurrka kornframleiðsluna og vildu prófa sig áfram með að malta kornið, en verka þarf kornið sérstaklega fyrir bruggun.

Vilhjálmur segir íslenskt korn vera jafngott til bjórbruggunar og hið innflutta, og þó hár flutningskostnaður á korni geri það að verkum að íslenskt korn verði hagkvæmara í framtíðinni.

grs@frettabladid.is

Fjölgun í hertogafjölskyldunni í Lúxemborg:

Ógiftur prins á von á barni

BRUSSEL, AP Louis prins í Lúxemborg og kærastan hans eiga von á barni. Prinsinn, sem er aðeins níttján ára gamall, kynntist kærustunni í herþjónustu í Kosovo á síðasta ári. Stúlkan er af alþýðufólki komin og heitir Tessy Anthony Hansen. Aldur hennar hefur ekki verið gefinn upp. Í tilkynningu frá konungshöllinni segir að þau hafi verið elskendur í eitt ár, en ætli sér ekki að giftast að sinni. Barnið verður fyrsta barnabarn Henri hertoga og Maríu Teresu konu hans.

Dagblaðið Luxembourg Daily segir að konungsfjölskyldan muni sjá fyrir þörfum og velfarnaði fjölskyldunnar ungu, á meðan fjölmiðlar í nágrennaríkinu Belgíu hafa lýst þunguninni sem hneyksli, sér í lagi fyrir íhaldssamt fólk sem er hlynt konungsfjölskyldunni. Það eitt að þau ætli ekki að giftast hefur vakið mikla athygli.



HERTOGAFJÖLSKYLDA Guillaume hertogi og hertogahjónin María Teresa og Henri.

Prinsinn ungi er þriðji erfingi hertogahjónanna í fimm systkina

hópi. Hann hefur nýlengi árs námi við herskóla í Sviss.

- saj



Fjölbreytt námskeið að hefjast

Tungumál

10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda – framhalds – og talæfingaflokkum
ENSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA

Matreiðslunámskeið

SUÐRÆN MATARGERÐ
MATARMIKLAR SÚPUR OG
HEIMABAKAÐ BRAUÐ
MATARGERÐ FYRIR KARLMENN I

Tölvunámskeið

TÖLVUGRUNNUR
VEFSÍÐUGERÐ

Verklegar greinar

BÚTASAMUR
FATASAMUR
FRÍSTUNDAMÁLUN
GLERLIST
GLER – OG POSTULÍNISMÁLUN
ÍKONAGERÐ
KRUUKUR MEÐ UPPHLEYPTU
MUNSTRI
KLIPPING Á STAFRÆNUM
KVIKMYNDUM
LEIRMÓTUN
LOPAPEYSA PRJÓNUÐ
TRÉSMÍÐI
ÚTSKURÐUR
ÞJÓÐBÚNINGUR SAUMAÐUR

Nýtt

RÍMNAÁMSKEIÐ OG
BRAGFRÆÐI

Innritun í síma 564 1507 kl. 18 – 21
á vef skólans og á skrifstofu Kvöldskólans í
Snælandsskóla

Netfang: kvoldskoli@kopavogur.is
Vefsíða: <http://kvoldskoli.kopavogur.is>

1000

fríar mínútur

til Bretlands, Bandaríkjanna, Danmerkur, Þýskalands, Frakklands eða 26 annarra algengustu viðskiptalanda Íslendinga ef þú kaupir Hive áskrift fyrir 1. október.

HiveLite

Ef þú gerist áskrifandi fyrir 1. október færðu gæða heyrnatól að verðmæti 2.990 kr. frítt með.



8Mb tenging, 4GB niðurhal, og þráðlaust internet á aðeins

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.





MÆTT TIL BRIGHTON Bresku forsætisráðherahjónin Cherie og Tony Blair mæta á flokksþing Verkamannaflokksins í Brighton á Suður-Englandi í gær. Þingið stendur yfir til 29. september.

Og Vodafone hyggst skoða réttarstöðu sína:

Vegið harkalega að fyrirtækinu

BAUGSMÁL Fjarskiptafyrirtækið Og Vodafone ætlar að skoða réttarstöðu sína í kjölfar ummæla Jónínu Benediktsdóttur á Bylgjunni í gær um að fyrirtækið tengdist ólöglegri dreifingu persónulegra gagna viðskiptavina. „Hún hefur með orðum sínum vegið harkalega að fyrirtækinu með ómaklegum hætti,“ segir í yfirlýsingu frá Og Vodafone. Fyrirtækið vísar fullyrðingum Jónínu alfarið á bug og telur málið vera háalvarlegt.

Í yfirlýsingu kemur fram að beinn aðgangur að pósthjóni Og Vodafone einkorðist við mjög fáa starfsmenn og sé ein-

göngu vegna kerfissýslu og viðhalds. Þessir starfsmenn hafi allir undirritað trúnaðaryfirlýsingu. „Í raun er ekki einungis um að ræða ásakanir á hendur eigendum Og Vodafone heldur ennfremur því starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækinu,“ segir í yfirlýsingu.

Viðbragða Jónínu Benediktsdóttur var leitað í gærkvöldi en hún kaus að slíta samtalinu áður en hægt var að bera málið undir hana.

ARNI PÉTUR JÓNSSON Forstjóri Og Vodafone telur að ráðist sé að fyrirtækinu með ómaklegum hætti.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Sá gögn á tölvuskjá

BAUGSMÁL „Eins og áður hefur komið fram bauð Jónína til matar á heimili sínu. Hún ræddi þar um Baug og ýmsa stjórnunarhætti innan fyrirtækisins. Okkur voru sýnd einhver gögn á tölvuskjá. Ég var ekki í neinni aðstöðu til þess að meta málið eins og því var lýst og benti á að það þyrfti að hafa sína réttu boðleið,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR Ekki í aðstöðu til að meta málið.

Ásgeir Friðgeirsson:

Jónína leitaði til Björgólfs

BAUGSMÁL Ásgeir Friðgeirsson, upplýsingafulltrúi Björgólfs Guðmundssonar, formanns



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON Man ekki innihald einstakra samtala.

bankaráðs Landsbanka Íslands, segir að Björgólfur reki ekki minni til einstakra samtala við Jónínu Benediktsdóttur. „Jónína hefur margoft leitað á náðir Björgólfs, bæði vegna fjármála sinna og ekki síður vegna vináttu Björgólfs og Jóhannesar Jónssonar,“ segir Ásgeir. „Þetta á ekki síður við um tímasetningar einstakra samtala.“

Stefán Jón Hafstein:

Var trúnaðarsamtal

BAUGSMÁL „Jónína Benediktsdóttir ræddi þessi mál við mig á sínum tíma og sýndi mér gögn sem ég man ekki nákvæmlega hvers eðlis



STEFÁN JÓN HAFSTEIN Málið best komið hjá lögfræðingi.

voru. Ég sagði henni að ég gæti ekki tekið málið upp á mína arma sem stjórnmaður. Ég benti á að málið ætti heima hjá lögfræðingi. Ef ég hefði séð einhverjar sannanir fyrir saknæmu athæfi í þessum gögnum þá hefði ég ráðlagt það sama. Ég leit á þetta samtal sem trúnaðarsamtal,“ segir Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Sigmundur Ernir Rúnarsson:

Var ekki gerandi

BAUGSMÁL „Til mín leitar alls konar fólk með alls konar erindi. Ég tjái mig ekki um innihald einkafunda. Ég hef aldrei haft áhrif á fram-



SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON Tjái sig ekki um innihald funda.

vindu málsins og hef aldrei verið gerandi,“ segir Sigmundur Ernir Rúnarsson, fréttastjóri Stöðvar 2. Aðspurður hvort Jónína Benediktsdóttir hafi leitað til sín vísaði Sigmundur til fyrra svars síns. Sigmundur vildi ekki svara því hvort hann hefði vitað eitthvað sem ástæða væri til að leynd. „Ég er búinn að svara þessu,“ segir Sigmundur.

Tímalína atburða í Baugsmálinu

8. MAÍ 2002

Jón Gerald sendir Jónínu upplýsingar á tölvupósti um hvernig mál hans gagnvart Baugi standi.

Jónína tilkynnir Styrmi að Jón Gerald hafi fengið tilboð frá Baugsmönnum um að þeir greiði skuldir og kaupi hlut hans í bátum Thee Viking. Hún stingur upp á því við Styrmi að Davíð Oddsson hringi í Jón Gerald og rói hann þannig að Jón Gerald finnst hann ekki vera sekur.



9. MAÍ

Jónína sendir Jóni Gerald tölvupóst þar sem hún varar hann við að rannsókn sé að hefjast og bendir honum á mikilvægi þess að verða á undan og biðja um aðstoð. Hún hvetur hann til þess að þiggja hjálp Jóns Steinars.

20. MAÍ

Styrmir spyr Jónínu hvernig málið standi efnislega og hvort Jóni Gerald hafi verið boðnar hærri greiðslur. Þá spyr hann hvort Jón Gerald sé tilbúinn að tala við Jón Steinar.

28. MAÍ

Jón Gerald hringir að kvöldi í Jón Steinar, sem á bággt með að tala og biður Jón Gerald að hringja aftur næsta dag.

20. JÚNÍ

Jón Gerald sendir málsgögn til Jóns Steinars.



MÁNAÐAMÓT JÚNÍ/JÚLÍ

Styrmir Gunnarsson, Kjartan Gunnarsson og Jón Steinar Gunnlaugsson hittast á ritstjórnaskrifstofu Morgunblaðsins til að ræða hæfi og hæfni lögmannsins Jóns Steinars í tengslum við Baugsmálið.

1. JÚLÍ

Styrmir fullvissar Jónínu um að hún og Jón Gerald þurfi ekki að hafa áhyggjur af Jóni Steinari. Tryggt hans við ónafngreindan mann sé innmúruð og ófrávikjanleg.

6. JÚLÍ

Jón Steinar áframsendir gögn Jóns Geralds til Styrmis án samþykkis eða vitundar Jóns Geralds.

24. JÚLÍ

Jónína biður Styrmir um gögn frá Jóni Gerald sem hún sendir áfram til Snorra Olsen, tollstjóra í Reykjavík. Styrmir segist ætla að senda henni gögnin en hún verði að taka hans nafn út. Snorri Olsen kemur gögnum áfram til Skattrannsóknarstjóra.

26. JÚLÍ

Styrmir lætur blaðamann Morgunblaðsins þýða gögn fyrir Jón Gerald yfir á ensku, sendir þau til Jónínu sem á að koma þeim áfram og biður hana að „eyða fingraförum Morgunblaðsins“ af skjalinu.

30. JÚLÍ

Styrmir talar við Jón Gerald og segist vilja hitta hann þegar hann komi til landsins.

31. JÚLÍ

Jónína segir að Tryggvi Jónsson sé að laga til úti um allt og því sé vont að rannsóknin geti ekki hafist strax. Spyr Styrmi hvort hann haldi ekki að eitt skjal sé nóg og upplýsingar um hvar hin er að finna. Hún biður Styrmi um að taka viðtal við Jón Gerald í Morgunblaðið.

Styrmir svarar og segist telja að eitt gagn nægi. Hins vegar gæti hann trúað því að fjármálaráðherra sé að bíða eftir því að skattrannsóknarstjóri komi úr sumarfrí.

6. ÁGÚST

Jón Gerald og Jón Steinar hittast.

28. ÁGÚST

Efnahagsbrotadeild rannsóknarlögreglunnar lætur framkvæma hútleit í höfuðstöðvum Baugs í kjölfar kærur Jóns Geralds á hendur forsvarsmönnum Baugs.



Pitt öryggi

Er þitt heimili öruggt? Leyfðu okkur að vaka yfir þér

Fáðu þér heimagæslukerfi frá Öryggismiðstöðinni, frá 1. september til 10. október og þú gætir fengið frítt heimagæslukerfi í 10 mánuði. Vertu áhyggjulaus heima og að heiman, viss um að Öryggismiðstöðin hefur auga með þínu heimili.

Heimagæslan innifelur eftirfarandi:

- Innbrotaviðvörn.
- Næturvæðing.
- Brunaviðvörn.
- Þráðlaus skynjara.
- Útkallsþjónusta öryggisvarða.
- Engan uppst. kostnaður.
- Fjarstýringu.

10 ÁRA
1995 - 2005

Afmælistilboð

10 heppnir fá frjá heimagæslu í 10 mánuði. Fáðu þér heimagæslu hjá Öryggismiðstöðinni fyrir 10.10. 2005 og þú kemst í pottinn.

Hringdu núna!
Við erum ávallt á vaktinni
530 2400

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN
BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGI.IS

Öryggi- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir • Öryggisgæsla • Heimagæsla • Vöruverndarbúnaður

www.peugeot.is

Komdu og prófaðu sprækan 138 hestafla Peugeot 307 SW. Láttu hann færa þig inn í nýja veröld á strætum borgarinnar. Hlaðinn búnaði og á einstaklega góðu verði býður Peugeot þér rými fyrir allt að sjö manns undir glæsilegu glerpaki til að allir sjái meira af heiminum. Komdu og ræddu við okkur um hvernig tilboð hentar þér til að sjá meira fyrir peninginn. Komdu í Vatnagarða og upplifðu bjartasta ljónið á veginum á þínu verði.

307



SJÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN



HER & NU / SIA



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Þú kemur. Við semjum.
Þú færð 307 á tilboði sem öllum líkar.



STRÍÐI MÓTMÆLT Tugþúsundir manna tóku um helgina þátt í fjöldamótum í Washington gegn stríðsrekstri Bandaríkanna í Írak. Hér er mótmælendagangur við Hvíta húsið.

Borgarar hinna tíu nýju aðildarríkja Evrópusambandsins mega leita sér að vinnu í Sviss:

Opnað fyrir frjálsa för vinnuafls

SVISS, AP Svisslendingar samþykktu í þjóðaratkvæðagreiðslu í gær að borgurum hinna tíu nýju aðildarríkja Evrópusambandsins yrði heimilt að leita sér að vinnu í Sviss, samkvæmt sömu skilmálum og öðrum borgurum Evrópska efnahagssvæðisins.

Um 56 af hundraði svissneskra kjósenda greiddu atkvæði með tillögu ríkisstjórnarinnar um að opna fyrir frjálsa för vinnuafls milli Sviss og ríkjanna tíu sem gengu í Evrópusambandið og EES hinn 1. maí í fyrra, átta fyrrverandi austantjaldslanda og Miðjarðarhafseyríkjanna Kýpur og Moltu. Í Sviss var málið mjög umdeilt og



því þykir samþykkt tillögunnar mikilvægur áfangi að því að tengja Sviss Evrópusamrunanum nánar. Fyrir fjórum mánuðum samþykktu Svisslendingar aðild landsins að Schengen-vegabréfasamstarfinu. Sviss er hvorki aðili að Evrópusambandinu né Evrópska efnahagssvæðinu en er nátengt því með tvíhliða samningum við ESB. Samningarnir um Schengen-aðildina og frjálsa för vinnuafls eru nýjustu viðbæturnar við þessa tvíhliða samninga.

- aa

VELKOMIÐ VINNUAFL Verkaflak af ýmsu þjóðerni vinnur að melónu- uppskeru í Seegräben í Sviss.

1.591kr
Lotus Marathon
miðapurkuskápur

1.591kr
Lotus sápuskammtari

1.591kr
Lotus WC
Compact statíf

Á tilboði í september 2005
Lotus Professional skammtarar fyrir snyrtinguna, miðapurkur Marathon Soft, enMotion handpurkur, handsápa mild, WC Compact 2ja laga, setuhreinsir og Tropical ilmur

Lotus Professional
Hagkvæm heildarlausn fyrir snyrtinguna



Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Hrókeringar innan sýslumannsembættanna:

Ólafsfirðingar missa sýslumann

SÝSLUMENN Lárus Bjarnason lætur af embætti sýslumanns á Seyðisfirði í næsta mánuði og tekur hann við starfi hjá Tollstjórnunum í Reykjavík. Ástríður Grímsdóttir, sýslumaður í Ólafsfirði, verður sett í embætti sýslumanns á Seyðisfirði í stað Lárusar 15. október næstkomandi og mun Ástríður flytjast búferlum austur. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður nýr sýslumaður ekki skipaður í hennar stað í Ólafsfirði, að minnsta kosti ekki fyrst um sinn, heldur mun sýslumannsembættið í Ólafsfirði falla undir Björn Jósef Arnviðarsson, sýslumann á Akureyri.

Þrjú sýslumannsembætti eru nú á Eyjafjarðarsvæðinu: Á Akureyri, Siglufirði og í Ólafsfirði. Sameinst þessi þrjú sveitarfélög, í kjölfar sameiningarkosninganna 8. október, er ljóst að sýslumanns-



SÝSLUMAÐURINN Á AKUREYRI Björn Jósef Arnviðarsson mun sinna embættiskyldum í Ólafsfirði og á Akureyri.

embættin á Siglufirði og í Ólafsfirði verða lögð niður með sama hætti og sýslumannsembættið í Neskaupstað var lagt niður með sameiningu Eskifjarðar, Reyðarfjarðar og Neskaupstaðar.

- kk

Frönsk stjórnvöld sporna gegn fólksfækkun:

Frakkar hvattir til að eignast þrjú börn

FRAKKLAND, AP Franska ríkisstjórnin hvetur landa sína til að eignast þriðja barnið, en láta ekki staðar numið eftir tvö eins og flestar franskar fjölskyldur gera nú. Hefur stjórnin ákveðið að bjóða aukna fjárhagslega aðstoð fyrir fjölskyldufólk.

Foreldrum sem taka sér launalaust leyfi eftir fæðingu þriðja barnsins mun bjóðast 750 evrur, eða rúmar 56.000 krónur, á mánuði í eitt ár, tilkynnti Dominique de Villepin forsætisráðherra í gær.

Foreldrar geta átt von á þess-

ari fjárhagsaðstoð frá og með júlí 2006.

„Við verðum að gera meira til að gera frönskum fjölskyldum kleift að eiga eins mörg börn og þær vilja,“ sagði forsætisráðherra.

